

## Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um afurðalán í landbúnaði.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hverjir eiga rétt á að nýta sér bakábyrgð Byggðastofnunar á afurðalánum á þessu hausti?
2. Hvernig breyttust kjörin á lánum og hver eru þau nú eftir að ábyrgð Byggðastofnunar var veitt?
3. Hvernig fylgir Byggðastofnun því eftir að lántakendum sé ekki mismunað í lánskjörum?
4. Til hve langs tíma er þessi tilhögun um ábyrgð afurðalána ákveðin og hver er þóknun Byggðastofnunar fyrir að veita þessa ábyrgð?
5. Sé litið svo á að ábyrgð Byggðastofnunar á lánum til afurðastöðva nú í haust sé ákveðin byggðaaðgerð, má þá vænta þess að gripið verði til hliðstæðra aðgerða gagnvart fjárþörf annarra atvinnugreina í dreifbýli sem búa við ofurvexti á rekstrarlánum sínum?